



Ísafjarðarbær

Reglur um akstur í þágu vinnuveitanda og nýtingu bifreiðar Ísafjarðarbæjar

Bæjarstjóri og sviðsstjórar Ísafjarðarbæjar hafa samþykkt eftirfarandi verklagsreglur um akstur í þágu vinnuveitanda og nýtingu bifreiðar skrifstofu Ísafjarðarbæjar.

Purfi starfsmenn stjórnarsýsluhúss, forstöðumenn og sérfræðingar á vegum þeirra, vinnu sinnar vegna að ferðast á bifreið innan sveitarfélagsins, eða nágrannasveitarfélaga, skulu þeir nota til þess bifreið í eigu bæjarskrifstofa (ME-J96).

Bókanir skulu fara fram í sameiginlegu rafrænu dagatali starfsmanna. Við hverja ferð skal skrá km stöðu við upphaf og lok ferðar, þá deild í bókhaldi sem greiðir kostnað við ferðina, svo og upplýsingar hafi eldsneyti verið keypt. Skal ökumaður bera ábyrgð á því að hlaða bifreiðina, sé þess þörf. Verði ökumaður var við að þörf sé á viðhaldi eða viðgerð bifreiðar skal hann gera þjónustufulltrúa bæjarskrifstofa viðvart.

Bæjarfulltrúum er jafnframt heimilt að nýta bifreið bæjarskrifstofa vegna stjórnunarstarfa í þágu sveitarfélagsins. Sömu reglur gilda um skráningu upplýsinga vegna notkunar bifreiðarinnar, en bókanir skulu fara fram hjá þjónustufulltrúa bæjarskrifstofu.

Vari ferð eða notkun starfsmanns lengur en sem nemur einum vinnudegi, skal leitast við að gera aðrar ráðstafanir en notkun á bifreið bæjarskrifstofa.

Purfi starfsmenn Ísafjarðarbæjar að nota einkabifreið sína í þágu vinnuveitanda, skal það gert með samþykki næsta yfirmanns, og gildir eftirfarandi:

- Hjá Ísafjarðarbæ er greitt fyrir akstur starfsmanna á einkabifreiðum í þágu sveitarfélagsins samkvæmt skráningu í akstursdagbók.
- Akstursdagbók ber að skila útfylltri undirritaðri af starfsmanni og staðfestri af yfirmanni fyrir 18. hvers mánaðar.
- Ekki er greidd staðgreiðsla af akstri ef færð er akstursskýrsla þar sem hver ferð er skráð, dagsetning ferðar, upphafs- og lokastaða kílómetramælis bifreiðar, ekin vegalengd, aksturserindi o.fl. (sjá form fyrir akstursdagbók).
- Óheimilt er að gera samninga um fastar greiðslur fyrir akstur.

Akstursgjald innanbæjar tekur mið af aksturssamningum ríkisstarfsmanna og ríkisstofnanna hverju sinni.

Frá og með 1. október 2020 er gjaldið sem hér segir:

- Fyrstu 10.000 km, kr. 114,0 pr. km
- Frá 10.000 til 20.000 km, kr. 102,0 pr. km
- Umfram 20.000 km, kr. 91,0 pr. km

Lengri ferðir á vegum vinnuveitanda:

- Ef um aðrar ferðir en innanbæjar er að ræða (s.s. til Reykjavíkur) skal Ísafjarðarbær greiða fyrir flug eða eftir atvikum afnot af bílaleigubíl.
- Starfsmanni er þó heimilt að velja frekar að fara á eigin bifreið en þá tekur akstursgjald mið af gildandi kílómetragjaldi Sjúkratrygginga Íslands (frá 1. október 2020 er gjaldið kr. 32,47 pr. km). Ef starfsmaður velur að fara á eigin bifreið í stað þess að fljúga eða taka bílaleigubíl, skal greitt fyrir akstur kílómetragjald skv. framlagðri akstursdagbók.

Form fyrir akstursdagbók má finna á starfsmannavef Ísafjarðarbæjar, undir „Eyðublöð“:

<https://www.isafjordur.is/starfsmenn/forsida/eydublod>

Reglur þessar taka gildi frá og með 6. október 2020, og falla þá eldri reglur úr gildi.